Nr. 757 20. júlí 2018

# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga heldur lýsingar á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, upplýsingum um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Nánari upplýsingar um námsbrautir má finna á vef Menntamálastofnunar https://mms.is/stadfestar-namsbrautalysingar.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Bakari, brauða- og kökugerð, bakari, hæfniþrep 3 | (18-360-3-8) |
| Bifvélavirkjun, bifvélavirki, hæfniþrep 3 | (18-286-3-8) |
| Blómaskreytingabraut, blómaskreytir, hæfniþrep 3 | (18-128-3-9) |
| Búfræðibraut, búfræðingur, hæfniþrep 3 | (18-126-3-9) |
| Einkaþjálfari, einkaþjálfari, hæfniþrep 3 | (18-400-3-9) |
| Félagsfræðabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-368-3-6) |
| Framhaldsskólabraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 1 | (18-364-1-1) |
| Framhaldsskólabraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 1 | (18-391-1-1) |
| Framreiðslunám, framreiðslumaður, hæfniþrep 3 | (18-358-3-8) |
| Garð- og skógarplöntubraut, garðplöntufræðingur, hæfniþrep 3 | (18-130-3-9) |
| Grunnmenntabrú, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 1 | (18-393-1-1) |
| K2, tækni- og vísindaleið, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-390-3-6) |
| Kjötiðnaður, kjötiðnaðarmaður, hæfniþrep 3 | (18-407-3-8) |
| Kvikmyndabraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 2 | (18-357-2-3) |
| Lista- og nýsköpunarbraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 2 | (18-214-2-3) |
| Matartæknanám, matartæknir, hæfniþrep 3 | (18-246-3-8) |
| Matreiðsla, matreiðslumaður, hæfniþrep 3 | (18-405-3-8) |
| Matsveinn, matsveinn, hæfniþrep 2 | (18-372-2-5) |
| Málm- og véltæknibraut - blikksmíði, blikksmiður, hæfniþrep 3 | (18-178-3-8) |
| Málm- og véltæknibraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-91-3-7) |
| Námsbraut skógar og náttúru, skógtæknir, hæfniþrep 3 | (18-129-3-9) |
| Námsbraut um lífræna ræktun matjurta, garðyrkjufræðingur, hæfniþrep 3 | (18-132-3-9) |
| Náttúrufræðibraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-367-3-6) |
| Nýsköpunarbraut, nýsköpunar- og tæknistúdent, hæfniþrep 3 | (18-355-3-6) |
| Nýsköpunar- og tæknibraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-392-3-6) |
| Rafeindavirkjun, rafeindavirki, hæfniþrep 3 | (18-366-3-8) |
| Rafvirki - samningsleið, rafvirki, hæfniþrep 3 | (18-289-3-8) |
| Rafvirki - skólaleið, rafvirki, hæfniþrep 3 | (18-285-3-8) |
| Rafvirkjabraut, rafvirki, hæfniþrep 3 | (18-262-3-8) |
| Sjúkraliðabraut, sjúkraliði, hæfniþrep 3 | (18-124-3-8) |
| Skapandi ljósmyndun 1, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (18-379-4-11) |
| Skapandi ljósmyndun 2, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (18-380-4-11) |

| | |
|---|---|
| Skrúðgarðyrkjubraut, skrúðgarðyrkjufræðingur, hæfniþrep 3 | (18-127-3-8) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (18-362-1-12) |
| Starfstengt ferðafræðinám, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (18-316-4-11) |
| Vefþróun, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (18-201-4-11) |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-394-3-7) |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs, stúdent, hæfniþrep 3 | (18-388-3-7) |
| Ylræktarbraut, ylræktarfræðingur, hæfniþrep 3 | (18-131-3-9) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 20. júlí 2018.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

*Karitas H. Gunnarsdóttir.*